

Námsáætlun í heimilisfræði fyrir 1. til 4. bekk

Tímabil: Haust 2016

2 kennslustundir á viku

Kennari: Ragna Baldvinsdóttir

Markmið

- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan
- Kunni að ganga vel um eldhúsið
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir
- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld
- Skilið einfaldar umbúðamerkingar
- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.
- Nemendur vinni saman í hóp undir leiðsögn kennara og sýni hver öðrum hjálps- og tillitssemi.

Námsefni

Efni sem stuðlar að markmiðunum hér að ofan.

Nemendur fá í hendurnar uppskriftir og annað efni frá kennara sem verður safnað saman yfir veturinn og þau útbúa sér síðan bók/hefti til að taka með heim.

Kennsluaðferðir og skipulag

Unnið verður með grunnhugtök í eldamennsku, t.d; vigta kg og g, mæla dl, tsk, msk, l. Lögð er áhersla á að börnin læri rétta meðferð hnífa og verkfæra. Að hræra og hnoða, vaska upp, þurrka og ganga frá.

Unnið verður markvisst að því að efla þau og gera þau sjálfstæðari í allri vinnu í verklega þættinum. Fræðsla fer að mestu fram í umræðum og spjalli auk verklegra þátta. Hópnum er skipt upp í þrjá námshópa sem munu skiptast á milli vikna að vera í heimilisfræði.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram alla önnina í hverjum tíma auk þess sem þau meta sjálf hvernig þau og hópurinn stóðu sig.

Tekið er tillit til vinnulags, hegðunar, frumkvæðis og framfara.

Tímabil	Hópur	Viðfangsefni	Kennsluaðferðir, vinnubrögð + fræðsla
28. ágúst - 1. sept	1	Boozt + skera sveppi	Farið yfir reglur, veturinn og umgengni
4.-8. sept.	2	Boozt + skera sveppi	Farið yfir reglur, veturinn og umgengni
11.-15. sept.	3	Boozt + skera sveppi	Farið yfir reglur, veturinn og umgengni
18.-22. sept.	1	Útiskóli - deig	Hópavinna - Ráðleggingar um mataræði
25.-29. sept.	2	Útiskóli - deig	Hópavinna - Ráðleggingar um mataræði
2.-6. október	3	Útiskóli - lummudeig	Hópavinna - Ráðleggingar um mataræði
9.-13. október	1	Kjúklingasúpa	Fæðuhringurinn - setja í hann
16.-20. október	2	Kjúklingasúpa	Fæðuhringurinn - setja í hann
23.-27. október	3	Kjúklingasúpa	Fæðuhringurinn - setja í hann
30. okt - 3. nóv.	1	Döðlu-bananabrauð	Skráargatið
6.-10. nóv.	2	Döðlu-bananabrauð	Skráargatið
13.-17. nóvember	3	Smákökur f/jólamarkað	Jólahefðir tengt mat - gamla daga - hjá nemendum
20.-24. nóvember	1	Smákökur f/jólamarkað	Jólahefðir tengt mat - gamla daga - hjá nemendum
27. nóv - 1. des.	2	Smákökur f/jólamarkað	Jólahefðir tengt mat - gamla daga

			- hjá nemendum
4.-8. desember	3	Vöflur	Hópavinna Jólakósý
11.-15. desember	1	Vöflur	Hópavinna Jólakósý
18.-22. desember		JÓLAÞEMA	